

12

12. febr.

L Ö G

um afnám laga nr. 40 24. nóv. 1893, um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 40 24. nóv. 1893 eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ólafur Thors.

13

12. febr.

L Ö G

um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sláturfélagi Suðurlands veitist heimild til að innkalla stofnbréf þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréfunum er skilað stofnfjárnækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði.

2. gr.

Auglýsing um innköllunina skal birt í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus.